

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi nr. 909/2018.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu er þannig eftir tegundum gjaldaaðila:

Íbúðir.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Sorphirðugjald	23.345 kr.
Sorpeyðingargjald, 1 sorpilát	8.340 kr.
Sorpeyðingargjald, 2 sorpilát	15.525 kr.
Sorpeyðingargjald, 3 sorpilát	22.425 kr.

Fristundahús.

Þjónusta sorphreinsunar er alla jafna ekki veitt frístundahúsum og eigendum þeirra og íbúum er bent á gámvöll við Kirkjubæjarklaustur. Á hvert frístundahús er lagt sorpeyðingargjald. Við helstu frístundabyggðir verður sorpgámur staðsettur á slíku svæði yfir mesta ferðamannatímamann frá 1. júní – 30. ágúst hvert ár. Auk sorpeyðingargjalds er á þessum svæðum lagt á gjald fyrir sorphirðu.

Sorpeyðingargjald	10.350 kr. á hvern bústað
Sorphirðugjald, þar sem það á við	9.200 kr. á hvern bústað

Fyrirtæki og atvinnurekstur á lögbýlum.

Með atvinnurekstri á lögbýli er átt við lögbýli þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni og/eða annar atvinnurekstur.

Sorphirðugjald	44.275 kr.
Sorpeyðingargjald	2.130 kr./m ³

3. gr.

Sorphirðuaðili sér um að innheimta sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á fyrirtæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi, nr. 909/2018, og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 21/2017 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi úr gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 31. október 2018.

Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.